

GJALDSKRÁ

fyrir hirðingu, móttöku og eyðingu sorps í Dalabyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar er heimilt, í samræmi við 7. gr. samþykktar nr. 171/1995 um sorphirðu í Dalabyggð, að leggja á sérstakt gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps (sorp-gjald) í Dalabyggð.

2. gr.

Gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps er árlega sem hér greinir:

	<i>Sorphirðu- gjald</i>	<i>Sorpeyð- ingargjald</i>	<i>Samtals</i>
a) Íbúðir í þéttbýli	kr. 14.494	29.000	43.494
b) Aukasorpilát í þéttbýli	kr. 7.218	14.443	21.661
c) Frístundahús	kr. 7.247	14.983	22.230
d) Íbúðir í dreifbýli	kr. 7.247	29.000	36.247
e) Bújarðir eða býli með atvinnustarfsemi	kr. Sjá. 3. gr.	29.000	29.000
			+ gjald skv. 3. gr.

3. gr.

Gjald vegna hirðingar og eyðingar á dýrahæjum er innheimt af bújörðum, hesthúsum og öðrum aðilum sem eru með skráðan bústofn og er árlega sem hér segir (miðað við hausttölur ár hvert, upplýsingar frá Matvælastofnun):

a) Sauðfé ≤ 20 eða stórgripir ≤ 5 (blandaður bústofn 4 ær = 1 stórgripur)	kr.	20.000
b) Sauðfé 21 - 50 eða stórgripir 6-10 (blandaður bústofn 4 ær = 1 stórgripur)	kr.	38.500
c) Sauðfé > 50 eða stórgripir > 10 (blandaður bústofn 4 ær = 1 stórgripur)	kr.	51.000

4. gr.

Gjöld samkvæmt 2. og 3. gr. skal innheimta með fasteignagjöldum ár hvert.

5. gr.

Gjaldskrá söfnunarstöðvar í Búðardal er sem hér segir:

<i>Flokkur</i>		<i>kr./kg m. vsk.</i>
Pressanlegur úrgangur		23,30
Ópressanlegur úrgangur		34,95
Málað timbur eða plasthúðað		34,95
Óflokkaðir málmar		5,84
Blandaður pappír		25,67
Dagblöð og tímarit		25,67
Plastumbúðir, harðplast		23,30
Fatnaður		21,65
	<i>m³</i>	<i>kr. m. vsk.</i>
Móttökugjald fyrir stakan farm	0,25	1.226
	0,5	2.451
	0,75	3.677
	1	4.902

Gert er ráð fyrir að komið sé með flokkað sorp á söfnunarstöðina að öðrum kosti greiðist 20% álag á ofangreint verð.

Ekki er innheimt gjald af íbúum sem koma með tilfallandi úrgang frá heimilum sínum í hóflegu magni (< 3 m³ í hvert skipti).

Atvinnurekstur skal ávallt greiða fyrir móttöku og flokkun hjá söfnunarstöðinni.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar 12. desember 2019 staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1303/2018.

Búðardal, 12. desember 2019.

Kristján Sturluson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 13. janúar 2020